

## Fundargerð (47)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams fimmtudaginn 25. nóvember 2021, kl. 14.30.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason  
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir  
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir  
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir  
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir  
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Margrét Sigurðardóttir  
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson  
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Heiða Björk Vignisdóttir  
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri.  
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

### 1. Matshópur – skýrsla til kynningar.

Fulltrúar í matshópnum, Alda Margrét, Benedikt og Þórir voru boðin velkomin til að taka þátt í kynningu 3. framvinduskýrslu matshópsins, sem lá fyrir í gögnum fundarins. Kolbeinn fór yfir skýrsluna. Fulltrúar launafólks áréttuðu að allir launagreiðendur skilgreindu markmið lykilmælikvarða sem tækju mið af samsetningu vaktavinnusstaða hjá hverjum fyrir sig, sbr. forsendur lykilmælikvarða í fylgiskjali. Því er við að búast að markmið verði ólík í ljósi þess að vaktavinnustaðir eru ólíkir með mismikla þörf fyrir vinnu utan dagvinnumarka. Þá var það áréttað frá fulltrúa ríkis að gert væri ráð fyrir að hæsti kostnaðurinn yrði hjá ríkinu í ljósi þess að þar væri bráðþjónustan meiri en hjá öðrum launagreiðendum og hlutfallslega meira unnið í sólarhringsþjónustu en hjá öðrum launagreiðendum. Fulltrúar launafólks lögðu fram formlega ósk þess efnis að allir launagreiðendur leggi fram markmið og vikið vegna lykilmælikvarða sem allra fyrst.

Rætt var um ný gögn sveitarfélaga sem lögð voru fyrir í fyrsta sinn og innihalda gögn frá átta sveitarfélögum. Eins og hjá öðrum launagreiðendum þarf að halda vel að vinnustöðum áframhaldandi umbótavegferð, sérstaklega hvað varðar hækkun á starfshlutfalli, loka mönnunargati og draga úr yfirvinnu. Þá var ítrekað mikilvægi þess að matshópur skili yfirförnum gögnum frá SFV sem fyrst til stýrihóps. Í því samhengi var talað um í síðasta lagi í lok nóvember.

### 2. Fundargerð 46. fundar. Staðfest.

### 3. Framvinduskýrsla. Bára Hildur gerði grein fyrir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar

**4. Samstaða stýrihóps á opinberum vettvangi.** Rætt hversu mikilvæg samstaða stýrihópsins er, ekki síst í ljósi þess að allt sem gert er getur skapað fordæmi fyrir aðra, þvert á lauangreiðendur og stéttarfélög. Víða eru enn tækifæri til breytinga og umbótavegferðar. Þegar á reynir er samstaða sjaldan mikilvægari og því voru rifjaðar upp vinnu- og samskiptareglur stýrihóps.

**5. Önnur mál**

- **Hrós** til þeirra sem staðið hafa áberandi vel að baki BVV fellur nú í skaut Örnú Jakobínu Björnsdóttur.

Fundi slitið kl. 16.04. Næsti fundur fimmtudaginn 9. desember kl. 14.30.  
Fundargerð er aðgengileg á Teams.